

Sþ. 624. Tillaga til þingsályktunar [299. mál]
um nýtingu innlendra orkugjafa.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

Alþingi ályktar eftirfarandi:

Gerð skal itarleg framkvæmdaáætlun um nýtingu innlendra orkugjafa í stað olíu til húshitunar og annarra þarfa. Skal áætlunin miðuð við árlega áfanga og sem mestan framkvæmdahraða og fela í sér eftirtalin atriði:

- 1) Hitaveituframkvæmdir hvarvetna þar sem jarðvarmi er tiltækur og nýting hans talin hagkvæm. Verði miðað við að hitaveituframkvæmdum verði í meginatriðum lokið á árinu 1977.
- 2) Samtenging allra orkuveitusvæða landsins og breyting á dreifikerfum, svo að landsmenn allir geti átt kost á nægri raforku. Ráðist verði í nýjar virkjanir, sem tryggi næga orkuframleiðslu og auknar rannsóknir á nýtilegum virkjunarstöðum. Verði að því stefnt, að sem flestir þeirra, sem ekki eiga kost á jarðvarmaveitum geti nýtt raforku til húshitunar fyrir árslok 1981.
- 3) Fjármögnunarráðstafanir með innlendri fjáröflun og erlendum lántökum, svo að nægilegt fé verði jafnan tiltækt til þessara framkvæmda. Framkvæmdaáætlun þessi skal lögð fyrir næsta þing.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Tillaga þessi er flutt í tengslum við skýrslu iðnaðarráðherra um nýtingu innlendra orkugjafa í stað olíu, og vísast til hennar um nánari rökstuðning.